



Borgarráð

Fríkirkjuvegur 11B - Leigusamningur um garðskála

Óskað er eftir því að borgarráð heimili skrifstofu eigna og atvinnuþróunar að ganga til samninga við Novator F11 ehf. um leigu á garðskála að Fríkirkjuvegi 11B.

Greinagerð.

Umhverfis- og skipulagssvið var með garðskála í Hallargarði á leigu í mörg ár en sögðu upp leigu frá fyrr á þessu ári. Skálinn er um 11 fermetrar og er fyrir framan húseignina Fríkirkjuveg 11.

Auglýst var eftir hugmyndum að starfsemi og tilboðum í leigu garðskálans í september sl. Tveir aðilar skiluðu inn hugmyndum. Novator F11 óskaði eftir að fá garðskála til að nýta í tengslum við starfsemi sem verður að Fríkirkjuvegi 11 og Elín Kristín Svavarsdóttir til að hafa sölu á íslensku handverki.

Leiga verði 30.000 krónur á mánuði og gagnkvæmur uppsagnarfrestur sex mánuðir. Ekki mun fylgja lóð eigninni.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Erindi Ásgeir Ásgeirssonar fyrir hönd Novator F11, dags 13. september 2016.

Erindi Elínar Kristínar Svavarsdóttur, dags 13. september 2016.

Auglýsing um hugmyndir fyrir garðskála að Fríkirkjuvegi 11b.

12.09.2016

**Þjónustuver Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12 – 14
Bt. Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar**

**Varðandi:
Fríkirkjuvegur 11b.
Leiga á garðskála við Fríkirkjuveg 11b**

Novator F11 ehf. eigandi af Fríkirkjuvegi 11 lýsir hér með yfir áhuga á að taka á leigu garðskála í garði (Fríkirkjuveg 11b) framan við húseignina að Fríkirkjuvegi 11. Garðskálinn getur nýst almenningi fyrir menningarlega starfssemi og hýst sýningar af ýmsu tagi.

Leigutaki hefur áhuga á að samnýta Fríkirkjuveg 11 og garðskálann. Garðskálinn væri þá opinn almenningi á sama tíma og Fríkirkjuvegur 11. Þá væri mögulega hægt að hafa sýningar í garðskála tengdar sýningum í Fríkirkjuvegi 11. Sýningarnar geta verið af ýmsum gerðum; myndlistarsýningar, sögulegar sýningar, ljósmyndasýningar osfrv.

Leigugjald væri greitt á eftirfarandi hátt:

- Leigutaki tæki að sér rekstur og viðhald á garðskála og snjóbræðslukerfi í gangstéttum framan við skálann á landi Reykjavíkurborgar.
- Leigutaki lagar húsið að utan sem innan á sinn kostnað. Leigutaki mun láta fagaðila taka húsið út og koma með tillögur að lagfæringum í samvinnu við Minjastofnun Íslands og eiganda. Leigutaki mun viðhalda húsinu á leigutímanum. Öll vinna verður unnin af fagaðilum.
- Leigutaki leggur snjóbræðslu í gangstétt framan við garðskálann. Leigutaki leggur frárennislögn inn í garðskálann ásamt því að leggja neysluvatn í garðskálann.

Eftir lagfæringu á garðskálanum ásamt lagfæringu á lögnum getur garðskálinn nýst betur í ýmis verkefni í framtíðinni.

Fyrir hönd leigutaka



Asgeir Asgeirsson
Arkitekt MAA NORDMAK

Reykjavík 13. september 2016

Varðandi Garðskála að Fríkirkjuveg 11 b.

Ég óska að taka Fríkirkjuveg 11 b á leigu. Hef áhuga á að hafa þarna til sölu margt úr viði (útskurð) þ.e. útskornar myndir, alls konar útskorið dót og annað íslenskt handverk.

Til að byrja með myndi ég hafa opnunartímann svona 15:00 – 18:00 virka daga og 12:00- 18:00 um helgar og auka svo opnunartímann smá saman í a.m.k. 12:00 -19:00 yfir sumarið.

Þar sem um er að ræða lítið húsnæði, ekkert vatn og klósett myndi ég halda að húsaleigan gæti ekki verið há og myndi telja að 10.000 – 15.000 gæti verið eðlileg leiga.

Erla Kristín Svavarsdóttir
Lyngrima 18
112 Reykjavík
gsm. 8242396



Hugmyndaleit

Hugmyndir fyrir garðskála að Fríkirkjuvegi 11b

Óskað er eftir hugmyndum að starfsemi og tilboðum í leigu garðskálans að Fríkirkjuvegi 11b. Við val á væntanlegum leigutaka verður horft til þess að starfsemin gæði miðborgina meira lífi.

Vakin er athygli á að garðskálinn uppfyllir ekki heilbrigðiskröfur um hefðbundna matsölu.

Garðskálinn er til sýnis miðvikudaginn 7. sept., kl. 11.

Tilboðum með upplýsingum um fyrirhugaða starfsemi og opnunartíma skal skila til þjónustuvers Reykjavíkurborgar Borgartúni 12 - 14 fyrir kl. 16.00, þriðjudaginn 13. september 2016.

Nánari upplýsingar á reykjavik.is/leiga

